

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Reykjavík 7. júní 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

Creditinfo Lánstraust hf. leggur fram eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Creditinfo starfar á grundvelli starfsleyfa frá Persónuvernd til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðilla, í því skyni að miðla þeim til viðskiptavina sinna.

Creditinfo telur mikilvægt að kveðið sé á um vinnslu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, eins og gert er ráð fyrir í 15. gr. frumvarpsins, og að réttarreglur á þessu mikilvæga sviði verði skýrar. Félagið telur eðlilegt að vinnsla upplýsinga um fjárhagsmálefni verði starfsleyfisskyld, þ. á. m. vinnsla lánshæfismats.

Reglugerð nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust er komin til ára sinna og ljóst að ákvæði hennar þarfnast endurskoðunar í ljósi úrskurðarframkvæmdar Persónuverndar og þess breytta landslags sem er m.a. á lánamarkaði svo og skyldu lánveitenda til að meta lánshæfi áður en neytendalánssamningur er gerður við einstaklinga.

Samkvæmt lögum nr. 33/2013 um neytendalán og lögum nr. 118/2016 um fasteignalán eru lagðar skyldur á lánveitendur sem m.a. hafa það að markmiði að koma í veg fyrir lánveitingar til einstaklinga sem líklegir eru til að lenda í vanskilum. Löggjöf um neytendalán er ætlað að vernda hagsmuni neytenda á þann hátt að þeir skuldsetji sig ekki umfram greiðslugetu.

Lánveitendum ber að viðhafa ábyrga útlánastefnu og nýta áreiðanlegar upplýsingar til að fyrirbyggja yfirskuldsetningu. Framangreind sjónarmið endurspeglast í 10. gr. laganna, en þar er tiltekin sú meginregla að lánveitanda er óheimilt að veita lán ef lánshæfis- og/eða greiðslumat benda til þess að lántaki hafi ekki fjárhagslega burði til að standa í skilum með lán. Í greinargerð með framangreindu ákvæði er sérstaklega vikið að því að lánshæfismat geti m.a. byggt á skilvæði og greiðslusögu.

Í k-lið 1. mgr. 5. gr. laganna segir að mat á lánshæfi skuli byggt á upplýsingum sem eru til þess fallnar að veita áreiðanlegar vísbendingar um líkindi þess hvort lántaki geti efnt lánssamning og skuli það byggt á viðskiptasögu aðila á milli og/eða upplýsingum úr gagnagrunnum um fjárhagsmálefni og lánstraust.

Í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 920/2013 um lánshæfis- og greiðslumat segir að í þeim tilfellum sem engri viðskiptasögu er til að dreifa á milli lánveitanda og lántaka er

lánveitanda heimilt að byggja mat sitt eingöngu á upplýsingum úr gagnagrunni þriðja aðila um fjárhagsmálefni og lánstraust. Reglugerðin kveður hins vegar ekki ítarlega á um það hvaða gögn megi byggja láns hæfismat á líkt og gert er um greiðslumat.

Það er ljóst að lánamarkaðurinn hefur verið að breytast á undanförunum árum og mun halda áfram að þróast. Lánveitendum fjölgar og tegundir þeirra lána sem eru í boði verða fjölbreyttari ásamt því að kröfur neytenda um sjálfvirkni aukast sífellt. Í æ ríkari mæli er því ekki til að dreifa viðskiptasögu hjá lánveitanda og til að geta fullnægt skyldu sinni skv. lögum um neytendalán leita viðkomandi lánveitendur til félags eins og Creditinfo sem hefur yfir að búa upplýsingum og þekkingu til að vinna láns hæfismat sem uppfyllir kröfur laga um neytendalán. Auk þess er ekki þjóðhagslega hagkvæmt að allir lánveitendur, stórir sem smáir, búi yfir þeirri sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er til að búa til áreiðanlegt láns hæfismat.

Creditinfo hefur um árabíl boðið viðskiptavinum sínum upp á að afla láns hæfismats hjá félaginu og hefur vinnslan byggt á samþykki einstaklinga/lántaka, sbr. 1.tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Láns hæfismatið er tölfræðilíkan sem er uppfært miðað við þær forsendur sem liggja fyrir hverju sinni auk þess sem Creditinfo framkvæmir reglulegar uppfærslur á þeim þáttum sem liggja til grundvallar matinu til að tryggja sem best áreiðanleika matsins. Vægi einstakra þátta getur þannig breyst, eftir atvikum aukist eða minnkað.

Við vinnslu láns hæfismats er ekki verið að miðla upplýsingum um þær breytur (upplýsingar) sem ráða niðurstöðu láns hæfismats. Ástæðurnar eru ekki birtar þeim sem sækir matið á grundvelli upplýsts samþykkis, heldur fær sá aðili einungis upplýsingar um framangreinda kvarða láns hæfismatsins, þ.e. láns hæfiseinkunn viðkomandi einstaklings sem er á kvarðanum A1–E3, þar sem í A eru hlutfallslega minnstar líkur á greiðslufalli en í E mestar líkur á greiðslufalli.

Það liggur í hlutarins eðli að tölfræðileg spá um atburði í framtíðinni verður að byggja á sögulegum upplýsingum, s.s. um skilvísi og greiðslusögu. Alls staðar í heiminum þar sem lánveitendur nota láns hæfismat eru sögulegar upplýsingar nýttar í þeim tilgangi að auka áreiðanleika slíks mats. Ef upplýsingar um greiðslusögu í fortíðinni eiga ekki að hafa áhrif á láns hæfismat væri grundvöllinum kippt undan gagnsemi matsins. Slíkt mat myndi augljóslega ekki fullnægja ákvæðum 5. og 10. gr. laga nr. 33/2013 og færi þvert gegn ummælum með 10. gr. lagafrumvarpsins þar sem tiltekið er að láns hæfismat geti m.a. byggt á skilvísi og greiðslusögu en það hefur sýnt sig að sögulegar upplýsingar um skilvísi, vanskil og greiðslusögu hafa mikið forspárgildi um líkur á vanskilum í framtíðinni.

Að mati Creditinfo má skýra fjölgun kvartana til Persónuverndar á undanförunum misserum sem tengjast gerð láns hæfismats Creditinfo m.a. með því að skýr ákvæði skorti um vinnsluna. Úrskurðaframkvæmd Persónuverndar hefur mótað vinnslu láns hæfismatsins að nokkru leyti. Þar á meðal hefur Persónuvernd staðfest að Creditinfo er heimilt að vinna með upplýsingar um söguleg vanskil við gerð láns hæfismats, þannig að þar til að hámarki 4 ár eru liðin frá skráningu upplýsinga á vanskilaskrá er einnig heimilt að nýta þær í þágu gerðar láns hæfismats að beiðni hins skráða, enda sé ekki miðlað neinum upplýsingum um kröfurnar sjálfar heldur eingöngu tölfræðilegum niðurstöðum. Þrátt fyrir að starfsleyfi Creditinfo taki ekki til útgáfu skýrslna um láns hæfi,

eins og kveðið er á um í 4. mgr. greinar 1, þá er nú sérstaklega tekið fram í starfsleyfinu hvernig vinna má með fyrrum skráningar á vanskilaskrá í þágu gerðar lánsþæfismats sbr. það sem að framan greinir.

Meðal þeirra gagna sem notuð voru til að meta lánsþæfi í skýrslum Creditinfo voru upplýsingar um uppflettingar á vanskilaskrá félagsins og byggðist notkun þeirra upplýsinga á upplýstu samþykki einstaklinga. Lánsþæfismatslíkanið staðfesti að framangreindar upplýsingar veittu mikið forspárgildi um það hvort líkur væru á að einstaklingur færi á vanskilaskrá á næstu 12 mánuðum. Einkum voru það uppflettingar innheimtufyrirtæka og uppflettingar annarra áskrifanda, s.s. fjármálafyrirtækja, af innheimtuástæðu sem gáfu sterkar vísbendingar um líkur á vanskilum. Einnig gátu þessar upplýsingar verið jákvæðar þ.e. gefið vísbendingar um að aðilar stæðu í skilum, ef ekki var um að ræða uppflettingar af innheimtuástæðum sbr. framangreint. Haustið 2017 kvað Persónuvernd upp úrskurð þar sem vinnsla fyrirtækisins á uppflettingum í vanskilaskrá við gerð skýrslu um lánsþæfi var talin óheimil á grundvelli þess að notkun Creditinfo á slíkum upplýsingum í framangreindum tilgangi hafi ekki samrýmt ákvæði 2. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 þar sem lagt er bann við vinnslu persónuupplýsinga í tilgangi sem ósamrýmanlegur er upphaflegum vinnslutilgangi, en hann var einungis sá að mati Persónuverndar að tryggja öryggi persónuupplýsinga, þ.e. tryggja rekjanleika þeirra til að sporna við uppflettingum án nægs tilefnis.

Lánsþæfismatinu var breytt í kjölfar úrskurðarins og var sú breyting m.a. kynnt fyrir fulltrúum Persónuverndar. Eftir breytinguna vega fyrrum skráningar á vanskilaskrá við gerð lánsþæfismats mun þyngra en áður og ekki er hægt að greina frá þá aðila sem líkur standa til að hafi staðið í skilum frá síðustu skráningu á vanskilaskrá.

Þrátt fyrir framangreinda breytingu á lánsþæfismatinu er líkanið áreiðanlegt en ljóst er að betra væri að geta byggt á upplýsingum sem varpa ljósi á góða greiðsluhegðun, svokölluðum jákvæðum upplýsingum, frekar en að byggja að mestu á upplýsingum um slæma greiðsluhegðun. Slíkt myndi gera fólki sem lendir í tímabundnum vandræðum auðveldara fyrir að sýna fram á ágæti sitt sem greiðenda. Í öllu falli er mikilvægt að unnt sé að byggja á upplýsingum við gerð lánsþæfismats sem tryggir áreiðanleika þess og að það uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til slíks mats skv. lögum um neytendalán og uppfylli þann tilgang að vernda hagsmuni einstaklinga.

Ákvæði 15. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að gerð lánsþæfisskýrslna verði gerð starfsleyfisskyld. Creditinfo telur slíka skyldu eðlilega í ljósi þeirrar vinnslu sem fram fer. Félagið telur mikilvægt að tryggt verði með ákvæðum í reglugerð að starfsleyfishafi hafi aðgang að og geti nýtt áreiðanlegar upplýsingar við gerð slíks mats. Creditinfo telur að upplýsingar um tengsl við fyrirtæki og fyrri vanskil, sem nýttar eru í dag og upplýsingar um uppflettingar í vanskilaskrá séu meðal þeirra upplýsinga sem gefa sterkar og áreiðanlegar vísbendingar um vanskil í framtíðinni og að tryggja þurfi heimild til nýtingu þeirra við gerð skýrslna um lánsþæfi. Varðandi nýtingu uppflettinga við gerð lánsþæfismats ber að hafa í huga að töluverður tími líður frá því að krafa fer í vanskil þar til kröfuhafi hefur möguleika á að skrá hana á vanskilaskrá en skv. starfsleyfi félagsins þurfa vanskil að hafa varað í a.m.k. 40 daga til að skrá megi kröfu á vanskilaskrá. Creditinfo hefur beint þeim óskum til Persónuverndar við endurskoðun á starfsleyfi að þessi tími verði stytur niður í a.m.k. 30 daga. Einnig hefur Creditinfo óskað eftir því að

heimilt verði að skrá á vanskilaskrá innheimtuviaðvaranir innheimtuaðila. Nauðsynlegt er að fá fyr inn á vanskilaskrá upplýsingar sem gefa vísbendingar um að einstaklingur sé á leið í vanskil til þess m.a. að láns hæfismat viðkomandi endurspegli rétta stöðu hans.

Eins og áður segir telur Creditinfo að nýta ætti jákvæðar upplýsingar við gerð láns hæfismats. Þar er fyrst og fremst átt við upplýsingar um greiðsluhegðun einstaklinga eða upplýsingar um skuldastöðu hans. Slíkar upplýsingar gæfu lánveitendum betri upplýsingar til að ákvarða kjör og ættu þannig að stuðla að betri kjörum fyrir skilvísu greiðendur, hvort sem það fælist í betri vaxtakjörum, hærrí útlánum eða lengri lánstíma. Hafa skal í huga að áður en slíkar upplýsingar eru notaðar við gerð láns hæfismats þá þarf að leggja mat á það hver áhrif þessara tilteknu upplýsinga eiga að vera á láns hæfismat svo tryggt sé að matið sé áreiðanlegt og sanngjarnt. Venjan við slíkt mat er að vinna með gagnagrunn með sögulegum upplýsingum ásamt sögulegum upplýsingum um vanskil sem hafa verið ópersónugerð fyrir nægilega stóran hóp einstaklinga. Creditinfo telur því mikilvægt að heimilt verði að safna þessum jákvæðu upplýsingum um nægilega stóran hluta einstaklinga til að unnt sé að meta hver áhrif þeirra eiga að verða á láns hæfismat.

Þá telur Creditinfo nauðsynlegt að kveðið verði skýrt á um það undir hvaða heimildarákvæði í lögunum vinnsla láns hæfismats fellur en Persónuvernd hefur í úrskurðum sínum talið leika vafa á því að yfirlýsing einstaklings, þess efnis að hann fallist á að láns hæfismat hans sé metið, geti talist fullnægja kröfum laga nr. 77/2000 til samþykkis, sbr. 7. tl. 2. gr. þeirra laga. Ástæðan er sú að telja má líkur standa til þess að eftir atvikum geti mönnum reynst ókleift að eiga tiltekin viðskipti án þess að gefa slíka yfirlýsingu, enda er lánveitanda óheimilt að veita neytendalán án þess að framkvæma láns hæfismat, en það skiptir máli í tengslum við skilyrðið um fúsan og frjálstan vilja hins skráða. Samkvæmt þessu hefur Persónuvernd talið eðlilegra að ræða um beiðni hins skráða fremur en samþykki, sem og að vinnsla falli fremur undir 7. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, þar sem fjallað er um heimild til vinnslu á grundvelli lögmætra hagsmuna sem vega þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hins skráða, fremur en ákvæðið um samþykki í 1. tl. sömu málsgreinar.

Ef óskað er frekari upplýsinga veitir undirrituð þær góðfúslega.

Virðingarfyllst,
F.h. Creditinfo Lánstrausts hf.

Sigríður Laufey Jónsdóttir
lögfræðingur